

# Samstarfsyfirlýsing um Öruggara Suðurland

## Svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og öðrum afbrotum

Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fjölbrotaskóli Suðurlands, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Menntaskólinn á Laugarvatni og sveitarfélögin Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus hafa ákveðið að vinna saman gegn ofbeldi og öðrum afbrotum.

### Markmið svæðisbundins samstarfs um Öruggara Suðurland:

- Samstarfssamningur þessi miðar að því að tryggja og þróa grundvöll fyrir afbrotavarnir milli lögregluvalda og samstarfsaðila, með sameiginlegum áherslusviðum og markmiðum þróuðum út frá svæðisbundnum aðstæðum.
- Efla samvinnu við úrlausn mála og treysta grundvöll samvinnu m.a. samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Vinnsla tölfraði miðað við sameiginlegar skilgreiningar samstarfsaðila sem er lögð til grundvallar við markmiðasetningu við afbrotavarnir.

### Svæðisbundið samráð

Stofnaður verður reglubundinn samráðsvettvangur samstarfsaðila á Suðurlandi sem samanstendur af aðilum sem undirrita samráðsyfirlýsingu þessa eða fulltrúa þeirra. Samráðsfundur verður haldinn **árlega** þar sem farið verður yfir framgang framkvæmdaáætlunar og þeirra áhersluverkefna sem hafa verið unnin frá síðasta samráðsfundi. Greiningar á tölfraði í málaflökkunum verða kynntar ásamt því að hugmyndum er safnað fyrir möguleg áhersluverkefni fyrir næsta samráðsfund.

### Framkvæmdateymi

Á árlegum fundum svæðisbundins samráðs er tilnefnt í framkvæmdateymi sem samanstendur af þeim sem vinna að málaflökkunum og öðrum hagsmunaaðilum. Fast sæti í framkvæmdateymi eiga fulltrúar félagsþjónustu- og barnaverndarsvæða, sýslumanns, lögreglustjóra, framhaldsskóla í landshlutanum og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Hlutverk framkvæmdateymis er að taka ákvarðanir um áhersluverkefni eftir umræður á svæðisbundnum samráðsfundum og útbúa framkvæmdaáætlun sem gildir til næsta fundar svæðisbundins samráðs. Framkvæmdateymi skal funda reglulega um það sem efst er á baugi á Suðurlandi hvað varðar samráð gegn ofbeldi og öðrum afbrotum og afbrotavarnir. Framkvæmdateymi skal greina tölfraði í málaflökkunum og fylgja þeim eftir með markmiðasetningu í framkvæmdaáætlun. Framkvæmdateymi skal undirbúa árlega fundi svæðisbundins samráðs.

Framkvæmdateymi getur sett á stofn **vinnuhóp** fyrir einstök verkefni en aldrei án þess að í hópnum sitji að minnsta kosti einn aðili úr framkvæmdateymi.

## Verkefnastjórn

Fulltrúi lögreglustjórans á Suðurlandi boðar svæðisbundna samráðsfundi samstarfsaðila, leiðir framkvæmdateymi og boðar fundi þess. Þátttaka í samráðsvettvangi, framkvæmdateymi og í vinnuhóp eru unnin sem hluti af daglegri starfsemi og rekstri samstarfsaðila.

Samstarfsaðilar skuldbinda sig til að taka þátt í að vinna að framkvæmdaáætlun samráðsvettvangsins. Þátttakendur í framkvæmdateymi sækja umboð sitt til að taka þátt í/hefja ný áhersluverkefni innan framkvæmdaáætlunar til síns vinnustaðar þegar þörf er á.

## Gildistími og endurskoðun

Gildistími samstarfsyfirlýsingarinnar er frá 18. apríl 2024 til loka kjörtímabils sveitarstjórna 2026. Samstarfsyfirlýsingin og þar sem stöðumat, markmið og framkvæmdaáætlun er endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils eða fyrr ef verulegar breytingar verða á aðstæðum í samfélaginu sem kalla á viðbrögð hlutaðeigandi aðila í verkefninu um *Öruggara Suðurland*.

Þorlákshöfn 18. apríl 2024